

Pólítískir Ólympíuleikar

Í ágúst á þessu ári fara Ólympíuleikarnir fram í 26 sinn síðan þeir voru endurreistir árið 1896. Ákvörðun alþjóðaólympíunefndarinnar um að halda leikana í Peking í Kína hefur verið umdeild vegna mannréttindabrota Kínverja og yfirráðum þeirra í Tíbet sem ekki þykir fara saman við þær hugsjónir sem leikarnir eru byggðir á. Af þeim sökum vilja margir að íþróttamenn og embættismenn sniðgangi leikana í mótmælaskyni. Þeir sem eru því mótfallnir nota hins vegar þau rök að íþróttir og stjórnámál eigi ekki samleið.

Ólympíuleikarnir voru endurreistir fyrir rúmri öld en hinn franski upphafsmaður þeirra, Barón Pierre de Coubertin, taldi að íþróttir væru góð leið til að gera heiminn að betri stað. Í augum de Coubertin og eftirmanna hans í stóli forseta alþjóðaólympíunefndarinnar hefur einn megintilgangur leikanna verið að sætta stríðandi þjóðir með það fyrir augum að koma á friði. Íþróttir voru einungis leið að því markmiði; sameinandi afl.

Þrátt fyrir háleitar hugsjónir þá hefur ekki alltaf tekist að halda frið í kringum Ólympíuleika og í gegnum tíðina hafa leikarnir oft verið hápólítískir. Frægastir eru leikarnir í Berlín 1936 sem notaðir voru af Adolf Hitler og áttu að sýna yfirburði hins hvíta aríska kynstofns og hugmyndafræði Nasista. Á dögum Kalda stríðsins var baráttan svo á milli hugmyndafræði austurs og vesturs. Með leikunum í Moskvu 1980 vildu Sovétríkin sýna yfirburði kommúnismans gegn kapítalismanum, en Bandaríkin sniðgengu leikana vegna innrásar Sovétmanna í Afganistan. Á leikunum í Los Angeles 1984 svöruðu Sovétríkin og bandalagsríki þeirra í sömu mynt og mættu ekki til leiks. Ólympíuleikarnir eru því og hafa alltaf verið pólítískir hvort sem okkur líkar betur eða verr.




Þá hafa mótshaldarar haldið leikana með það fyrir augum að öðlast viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á eigin ágæti. Til dæmis vildi Suður Kórea sýna fram á að landið væri lýðræðislegt og nútímalegt með leikunum í Seoul 1988, Ástralir vildu með leikunum í Sydney 2000 sýna höfuðstað sinn sem borg viðskiptatækifæra í náttúrulegu umhverfi, og með leikunum í sumar vilja Kínverjar sýna að landið er heimsveldi sem er kjörið til viðskipta og ferðalaga.

Um leið og Ólympíuleikar vekja heimsathygli eru þeir kjörinn vettvangur fyrir alls kyns hópa til að koma málefnum sínum og málstað á framfæri. Nú í aðdraganda leikana í Peking hafa mikil mótmæli átt sér stað víða um heim sem birtist m.a. í því að för Ólympíueldsins hefur ítrekað verið trufluð. Mótmælendur vilja koma þeim skilaboðum til heimsins að Kínverjar fremji alvarleg mannréttindabrot í Tíbet og víðar. Aðgerðir mótmælenda eru umdeildar. Til eru þeir sem gagnrýna aðgerðirnar á þeim forsendum að íþróttir og stjórnsmál eigi ekki að fara saman.

Aðrir gagnrýna framferði mótmælenda sem þykir ofstækisfullt þar sem ráðist er að saklausu fólki, íþróttamönnum, sem vinna fyrst og fremst að hugsjónum íþróttar. Þeir sem styðja aðgerðirnar benda aftur á móti á að þær séu eina leiðin til að eitthvað gerist í málum sem hafa verið í sjálfheldu í áratugi.



Eflaust hafa allir aðilar nokkuð til síns máls. Ekki er þó hægt að skilgreina heimsíþróttaviðburð á borð við Ólympíuleikana sem einkamál íþróttamanna, því eins og sagan sýnir eiga leikarnir sér ekki stað í pólitísku tómarúmi. Eins geta Kínverjar ekki notað leikana í pólitískum tilgangi í þeim málum sem hentar þeim en hafnað öðrum á þeim forsendum að íþróttir og stjórnsmál eigi ekki samleið. Í þeim efnum er ekki bæði haldið og sleppt. Svo má velta fyrir sér að þó mótmælaaðgerðirnar séu e.t.v. ofstækisfullar þá er tilgangur þeirra í raun að stuðla að þeirri hugmyndafræði sem sjálfir leikarnir byggja á, þ.e.a.s. að kynna hina ýmsu kima heimsins með þau fyrir augum að vernda mannréttindi og stuðla að friði. Ætla má t.d. að málefni Tíbet séu nú mun fleirum kunn en nokkru sinni fyrr.



Eitt af megináherslumálum ríkisstjórnar Íslands er að efla og vernda alþjóðleg mannréttindi og er það óaðskiljanlegur þáttur í utanríkisstefnunni eins og segir í nýrri skýrslu utanríkisráðherra. Íslenskir íþróttamenn eiga þó ekki að sniðganga Ólympíuleikana í Peking. Amstur stjórnámálanna og þjóðarleiðtoga á ekki að bitna á íþróttafólkinu sem hefur unnið að því hörðum höndum árum og áratugum saman að láta draum sinn um að keppa á Ólympíuleikum rætast. Ekki er hægt að ætlast til þess að það færi slíkar fórnir. Ísland á ekki heldur að slíta viðskiptasambandi sínu við Kína. Með slíkum gjörðum myndum við eingöngu missa stöðu okkar til að hafa einhver áhrif á gang mála í framtíðinni.

En kjörnir fulltrúar þjóðarinnar geta mótmælt mannréttindabrotum Kínverja ef ekki verður gerð bót á, til dæmis með því að sniðganga opunarhátíð Ólympíuleikana í Peking líkt og leiðtogar ýmissa þjóða hafa lýst yfir að þeir muni gera. Með því myndu þeir sýna utanríkisstefnuna í verki og halda tryggð við hugmyndafræði leikana sjálfra.

Viðar Halldórsson
Innsend grein birt í Morgunblaðinu í apríl, 2008.
www.melarsport.is